



Leigufélagið Bríet BR. Sverrisson ehf.



Samstarfsyfirlýsing

um uppbyggingu á íbúðum í Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Leigufélagið Bríet ehf. (Bríet), Skeiða- og Gnúpverjahreppur og BR. Sverrisson ehf. lýsa yfir vilja sínum til að vinna saman að uppbyggingu íbúða í Árnesi í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Markmið verkefnisins eru

- i. að stuðla að húsnæðisöryggi íbúa í sveitarfélagini og auka framboð íbúða til kaupa og leigu með því að fá byggingaraðila á svæðinu til samstarfs um uppbyggingu á hagkvæmum íbúðum.
- ii. að tryggja aðgengi að lóðum við hæfi.
- iii. að koma uppbyggingu af stað í sveitarfélagini til að styðja við uppbyggingu atvinnulífs og íbúaþróun.

Verkefnið styður við hlutverk Bríetar sem er:

"Við bjóðum einstaklingum og fjölskyldum upp á traust og hagkvæmt leiguhúsnæði á landsbyggðinni með því að stuðla að auknu framboði í samstarfi við sveitafélögum og aðra hagaðila. Þannig erum við virkur þátttakandi í að auka húsnæðisöryggi, örva atvinnulíf og styðja við íbúaþróun"

Samstarfsyfirlýsing þessi nær til eftirfarandi verkefna:

Aukin uppbygging íbúða:

1. Bríet mun taka þátt í fyrirhugaðri uppbyggingu á íbúðum í Árnesi með því að skuldbinda sig til að kaupa tvær íbúðir í uppbyggingarverkefni á svæðinu.
2. Sveitarfélagið skuldbindur sig til að sjá til þess að í boði verði skipulagðar lóðir við hæfi til þess að mæta þeirri íbúðauppbyggingu sem fyrirhuguð er.
3. Byggingaverktakinn mun í sameiningu við Bríeti fara í frekari greiningu og útfærslu á verkefninu með hagkvæmni íbúða og útlit að leiðarljósi.

Árnesi, 28. apríl 2021

F.h. Leigufélagsins Bríetar ehf.

Soffía Guðmundsdóttir
Framkvæmdastjóri

F.h. BR. Sverrissonar ehf.

Bjarni Sverrisson
Byggingaverktaki

F.h. Sveitarfélags Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Kristófer A. Tómasson
Sveitarstjóri